

REGLUR

**um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar
forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu vátryggingafélaga.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra vátryggingafélaga og starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

2. gr.

Samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Samkvæmt 96. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi skal gjaldþolskrafa annaðhvort reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani í samræmi við XVI. kafla laganna. Til að tryggja samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu vátryggingafélaga gefur Fjármálaeftirlitið út reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum Evrópsku vátrygginga- og lifeyriseftirlitsstofnunarinnar (EIOPA).

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 18-19.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2016 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfavísítölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2016 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 91-93.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2017 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðlöguðu stuðlana til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir gjaldmiðlaáhættu vegna gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2017 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 94-95.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun láns-hæfismats utanaðkomandi láns-hæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða láns-hæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 425-432.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun láns-hæfismats utanaðkomandi láns-hæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða láns-hæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 8. nóvember 2018, bls. 161-168.

Nr. 120

18. janúar 2019

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. 101. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar nr. 689/2018.

Fjármálaeftirlitnu, 18. janúar 2019.

Jón Þór Sturluson.

Anna Mjöll Karlsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2019